


LEIÐBEININGAR UM MEÐHÖNDLUN HOLPLATNA

1. EININGUM STAFLAÐ Á BYGGINGARSTAÐ

Ef stafla þarf einingum á byggingarstað skal gæta sérstaklega að því að það sé gert á viðeigandi hátt, þ.e.

- Að valin sé staður þar sem jarðvegur er sléttur og traustur og ekki hætta á sigi eða vindingi.
- Að neðsta plata sé það hátt frá jörðu, að ekki sé hætta á að hún sé undirstudd á öðrum punktum en endum.
- Að þykkt og traust undirlegg séu notuð á milli allra platna (t.d. 2x5 tvöfalt) og að staðsetja þau eins nálægt enda og hægt er. Undirlegg þarf að vera í beinni línu.
- Að plötum sé ekki staflað í hærri stæður en nemur 150 cm.






2. NOTKUN L YFTIÁHALDA

Lyftiklemmur skulu staðsettar í u.þ.b. 50 cm.-150 cm. fjarlægð frá enda eininganna. Fylgjast skal með að klemmur grípi vel inn í þar til gerða gróp áður en lyft er.

Öryggiskeðjum sé slegið undir eininguna áður en lyft er og þær ekki losaðar fyrr en einingin er sett í sæti. Gæta þarf þess að festingar á öryggiskeðju snúi alltaf að mönnum þannig að ekki þurfi að fara undir/yfir plötu til að losa þær.

Séu holplötur fluttar til á milli staða skulu þær bundnar tryggilega á flutningstækið.

Vírstroffur úr krana í herðatré skulu vera það langar að halli á þeim fari ekki yfir 60 gráður.



3. DRENGÖT

Framleiðandi borar drengöt niður úr hverju holrúmi eininganna til beggja enda (ca. 26 cm. frá enda). Göt þessi geta lokast við sögun og skal byggingaraðili opna þau og halda þeim opnum, eða bæta götum við, þannig að vatn sem kann að safnast fyrir inni í holrúmunum eigi greiða útleið. Séu hífíkrókar í holplötum þá er nauðsynlegt að bora drengöt á réttann stað, sjá meðfylgjandi töflu. Hífíkrókar koma fram á framleiðsluteikningu sem kaupandi fær til rýningar áður en framleiðsla hefst.

Áríðandi er að það sé gert þar til húsinu hefur verið lokað og tryggt að ekkert vatn sitji eftir.




EININGAVERKSMIÐJAN

Byggingaraðili ber ábyrgð á að tækjabúnaður sé í lagi og að eftir vinnureglum sé farið.

LEIÐBEININGAR UM MEÐHÖNDLUN HOLPLATNA

4. HÍFIKRÓKAR - Á VIÐ ÞEGAR PLÖTUR FARA YFIR 14 M. EÐA VIÐ SÉRSTAKAR AÐSTÆÐUR



HP-210	HP-265	HP-320	HP-400
700 mm. frá brún plötur í drengat	800 mm. frá brún plötur í drengat	800 mm. frá brún plötur í drengat	900 mm. frá brún plötur í drengat


Ath. Í sumum tilfellum geta krókar verið á öðrum stöðum, því þarf að athuga framleiðsluteikningar.

5. ÁSETA EININGA


Sé ásetuflötur burðarveggis/burðabita eininganna ósléttur getur þurft að stilla þær af með stillipynnum t.d. flatjárnri eða vatnsheldum krossviði. Þynnurnar eiga að vera það breiðar að þær hylji þykkt ásetuflatar veggis eða bita. Tryggja skal jafna ásetu og að raufarsteypa komist jafnt undir allan ásetuflötinn.

Mikilvægt er að raufarsteypa sé steipt sem fyrst, bæði á milli eininganna og til enda þeirra.

ATH. Lágmarksásetuflötur eininganna er 8 cm. á hvorum enda nema hönnuður ákveði annað.



Rétt staðsettar stálþynnur



8 cm.

AÐ LOKUM

Komi upp einhver vafamál í sambandi við ofanskráðar upplýsingar þá snúið yður tafarlaust til framleiðanda áður en lengra er haldið.



EININGAVERKSMIÐJAN

Byggingaraðili ber ábyrgð á að tækjabúnaður sé í lagi og að eftir vinnureglum sé farið.